

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

Í stað orðanna „1. október“ í 4. másl. 1. mgr. 57. gr. reglnanna koma orðin: 15. september.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 128. gr. reglnanna:

- a. a-liður 1. mgr. orðast svo: Til BS-prófs í ferðamálafræði, landfræði, líffræði og sjávar- og vatnalíffræði, auk lífefna- og sameindalíffræði.
- b. Á eftir orðinu „landfræði“ í upptalningu kennslugreina í b-lið 1. mgr. kemur orðið: lífefnafræði.
- c. Á eftir orðinu „landfræði“ í upptalningu kennslugreina í c-lið 1. mgr. kemur orðið: lífefnafræði.
- d. Í stað orðsins „tvær“ í 2. mgr. kemur orðið: þrjár.
- e. Á eftir orðinu „líffræði“ í 2. mgr. koma orðin: , námsbraut í lífefna- og sameindalíffræði.
- f. Núverandi 3. mgr. fellur brott.
- g. Núverandi 4. mgr. fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 132. gr. reglnanna:

- a. Orðið „ , lífefnafræði“ í upptalningu kennslugreina í a-lið 1. mgr. fellur brott.
- b. Orðin „lífefna- og sameindalíffræði í samstarfi við líf- og umhverfisvísindadeild“ í upptalningu kennslugreina í a-lið 1. mgr. falla brott.
- c. Orðið „lífefnafræði“ í upptalningu kennslugreina í b-lið 1. mgr. fellur brott.
- d. Orðið „lífefnafræði“ í upptalningu kennslugreina í d-lið 1. mgr. fellur brott.
- e. 4. mgr. orðast svo:
Raunvísindadeild er skipað í þrjár námsbrautir, sbr. ákvæði 21. gr. þessara reglna; námsbraut í eðlisfræði, námsbraut í efnafræði og námsbraut í stærðfræði.
- f. Núverandi 5. mgr. fellur brott.
- g. Núverandi 6. mgr. fellur brott.

4. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 8. maí 2023.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.